

## AUGLÝSING um deiliskipulag í Hrunamannahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkt eftir-farandi deiliskipulagsáætlanir:

### *Deiliskipulagsbreyting, Gröf og Laxárhlið, reitur M2.*

Gerð er óveruleg breyting á gildandi deiliskipulagi fyrir reit M2 við Gröf og Laxárhlið á Flúðum. Breytingin felur í sér breikkun götukassa milli lóðarmarka, svo hægt sé að koma fyrir grasrásum milli götu og gangstéttu, og til þess að breikka sjálfar göturnar. Lóðir minnka sem því nemur með breyttum lóðarmörkum. Alls breytast lóðarmörk 12 lóða.

Samþykkt í sveitarstjórn 5. mars 2020.

### *Deiliskipulagsbreyting, Gröf, lóð 5, L212061.*

Óveruleg breyting er gerð á gildandi deiliskipulagi fyrir Gröf, lóð 5, L212061, á Flúðum. Breytingin er tilkomín vegna færslu á byggingarreit fyrir salerni og felur í sér að byggingarreit fyrir miðju svæðisins er breytt úr A2 þjónustuhúsi í A3 salernisaðstöðu og færður innan svæðisins, þ.e. nær ánni. Stigar uppfærast í kringum nýja staðsetningu á byggingarreit.

Samþykkt í sveitarstjórn 5. mars 2020.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlutið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 5. maí 2020.*

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

**Vigfús Þór Hróbjartsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 19. maí 2020